

1992 nr. 30 27. maí Lög um yfirskattanevnd

Upphafsaðkvæði.

■ **1. gr.** Ágreiningsmál um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna, þar með talin rekstrartöp, skulu úrskurðuð af sérstakri óháðri nefnd, yfirskattanevnd.

Gildissvið.

■ **2. gr.** Úrskurðarvald yfirskattanevndar tekur til ákvörðunar skatta og gjalda samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um tekjustofna sveitarfélaga, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tryggingagjald, lögum um Iðnlánasjóð, lögum um iðnaðarmálagjald, lögum um Útflutningsráð Íslands, lögum um málefni aldraðra, lögum um skattskyldu innlánsstofnana, lögum um Þjóðarþóklhöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga manna í atvinnurekstri, lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, lögum um virðisaukaskatt, lögum um vörugjald, lögum um sérstakt vörugjald, lögum um almannatryggingar er varða skattákvörðun og öllum öðrum lögum um skattákvörðun.

□ Yfirskattanevnd skal úrskurða kærur um öll gjöld sem skattstjórar og ríkisskattstjóri úrskurða um skv. 1. mgr.

□ Yfirskattanevnd skal úrskurða um sektir skv. 107. gr., sbr. 108. gr., laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skv. 30. gr., sbr. 31. gr., laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, [skv. 40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skv. 38.–40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 145/1994, um bókhald, og skv. 84.–87. gr., sbr. 88. gr., laga nr. 144/1994, um ársreikninga].¹⁾

¹⁾ 37/1995, 8. gr.

Aðild.

■ **3. gr.** Skattaðilum er heimilt að skjóta til yfirskattanevndar kærur úrskurðum skattstjóra og ríkisskattstjóra um skattákvörðun og skattstofna.

□ Ríkisskattstjóri og eftir atvikum viðkomandi sveitarfélagi er heimilt að kæra úrskurði skattstjóra til nefndarinnar með sama hætti og skattaðilar og að uppfylltum sömu skilyrðum.

□ Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart yfirskattanevnd fyrir hönd gjaldkrefjenda. Við ákvörðun sekta kemur skatt-rannsóknarstjóri fram sem kröfuaðili.

Lögsaga.

■ **4. gr.** Yfirskattanevnd hefur lögsögu á öllu landinu og hefur aðsetur í Reykjavík. Nefndinni er þó heimilt að ákveða málflutning og úrskurða um einstök ágreiningsmál annars staðar á landinu ef hún telur þörf á.

Kærufrestur.

■ **5. gr.** Kærufrestur skattaðila til yfirskattanevndar skal vera 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra. Þá hefur ríkisskattstjóri heimild til þess að skjóta úrskurði skattstjóra til yfirskattanevndar á næstu 30 dögum eftir að úrskurður skattstjóra berst ríkisskattstjóra. Með sama hætti og ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til yfirskattanevndar getur viðkomandi sveitarfélag skotið úrskurði skattstjóra eða ríkisskattstjóra til nefndarinnar.

□ Kærur skattaðila skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Heimilt er yfirskattanevnd að krefja skattaðila um frekari upplýsingar ef hún telur ástæðu til.

□ [Kæra til yfirskattanevndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.]¹⁾

¹⁾ L. 37/1993, 36. gr.

Gagnaöflun.

■ **6. gr.** Yfirskattanevnd skal tafarlaust senda ríkisskattstjóra kæru skattaðila ásamt endurriti af þeim gögnum er kunna að fylgja kæru hans. Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 5. gr., skal yfirskattanevnd tafarlaust senda skattaðila endurrit kæru ásamt gögnum er henni fylgdu og gefa skattaðila kost á, innan hæfilegs frests, að koma með andsvör sín og gögn. Sama gildir eftir því sem við á um kæru sveitarfélags.

□ Ríkisskattstjóri skal í tilefni af málsmeðferð fyrir yfirskattanevnd afla frumgagna skattstjóra varðandi hina kærðu ákvörðun skattstjóra.

□ Ríkisskattstjóri skal hafa lagt fyrir yfirskattanevnd innan 45 daga, frá því að honum barst endurrit kæru, rökstuðning í málinu fyrir hönd gjaldkrefjenda og nauðsynleg gögn er hann hefur aflað frá skattstjóra.

Málflutningur.

■ **7. gr.** Skattaðila er heimilt að óska þess að hann eða umboðsmaður hans geti flutt mál munnlega fyrir yfirskattanevnd. Sömu óskir getur ríkisskattstjóri sett fram. Ósk skattaðila eða ríkisskattstjóra um munnlegan málflutning skal koma fram í rökstuðningi hans í kæru. Formaður yfirskattanevndar ákveður hvort munnlegur málflutningur fari fram og skal tilkynna skattaðila og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun sína.

□ Ef mál er flókið, hefur að geyma vandasöm úrlausnarefni, er sérlega þýðingarmikið eða varðar ágreining um grundvallaratriði í skattarétti eða reikningsskilum er yfirskattanevnd heimilt að ákveða sérstakan málflutning. Skal yfirskattanevnd þá afgreiða mál skv. 4. mgr. 9. gr. og eftir atvikum 10. gr.

□ Sé eigi þörf á sérstökum málflutningi að mati nefndarinnar skal taka mál til uppkvaðningar úrskurðar að fenginni skriflegri kæru skattaðila og umsögn ríkisskattstjóra.

□ Ríkisskattstjóri skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum fyrir yfirskattanevnd að því marki sem hann telur ástæðu til. Jafnframt skal ríkisskattstjóri senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna. Yfirskattanevnd er ætíð heimilt að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringa ef hún telur málið ekki nægilega upplýst.

Lok málsmeðferðar.

■ **8. gr.** Yfirskattanevnd skal hafa lagt úrskurði á kærur þremur mánuðum eftir að henni hefur borist umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra. [Ef umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra berst ekki fyrir lok frests skv. 3. mgr. 6. gr. skal þriggja mánaða fresturinn reiknast frá lokum þess frests.]¹⁾

□ [Nú hefur yfirskattanevnd ákveðið sérstakan málflutning skv. 2. mgr. 7. gr. og skal frestur skv. 1. mgr. þá vera sex mánuðir og skal nefndin senda aðilum máls tilkynningu um þá ákvörðun sína.]¹⁾

¹⁾ L. 31/1995, 3. gr.

Nefndarmenn.

■ **9. gr.** Í yfirskattanevnd skulu sitja sex menn sem skipaðir skulu til sex ára í senn og skulu fjórir nefndarmannanna hafa starfið að aðalstarfi. Skulu nefndarmenn fullnægja skilyrðum sem sett eru í 86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt um embættisgengi skattstjóra. Fjármálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þeirra nefndarmanna sem hafa starfið að aðalstarfi. Báðir skulu uppfylla skilyrði sem sett

eru um embættisgengi héraðsdómara. Ætíð skal annaðhvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls.

□ Formaður yfirsattanefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber á henni ábyrgð. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Formaður úthlutar nefndarmönnum málum til meðferðar og skipar þeim í deildir ef yfirsattanefnd starfar deildaskipt. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti þegar formaður situr eigi í nefnd.

□ Í hverju máli skulu þrjú nefndarmenn úrskurða eftir nánari ákvörðun formanns yfirsattanefndar.

□ Hafi yfirsattanefnd ákveðið sérstakan málflutning, sbr. 2. mgr. 7. gr., skulu fimm nefndarmenn taka þátt í úrlausn máls.

Sérfróðir aðilar.

■ **10. gr.** Yfirsattanefnd er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Skulu þeir aðilar starfa með yfirsattanefnd eftir nánari ákvörðun formanns eða varaformanns sem ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

Sératkvæði.

■ **11. gr.** Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru eigi sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þríklofnar í afstöðu sinni eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns eða varaformanns ef formaður situr ekki í nefndinni.

Skattframtal sem kæra.

■ **12. gr.** Berist yfirsattanefnd kæra sem rökstudd er með skattframtali sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra skal nefndin senda kærana til skattstjóra til uppkvaðningar nýs úrskurðar. Nefndin skal tilkynna skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun.

□ Með slíkt mál skal skattstjóri fara skv. 99. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og ljúka úrskurði innan tveggja mánaða frá því að honum barst málið til meðferðar frá yfirsattanefnd.

Rökstuðningur úrskurðar.

■ **13. gr.** Úrskurðir yfirsattanefndar skulu ítarlega rökstuddir þannig að í forsendum þeirra komi skýrt fram á hvaða málsástæðum, kæruefnum og skattheimildum sé byggt.

Útgáfa úrskurða.

■ **14. gr.** Yfirsattanefnd skal gefa út helstu úrskurði nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í þeirri útgáfu en tryggja ber að úrskurðir, sem fordæmisgildi hafa, birtist þar.

Málskot til dómstóla.

■ **15. gr.** Úrskurður yfirsattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má þó bera undir dómstóla.

Vanhæfi nefndarmanns.

■ **16. gr.** Skyld er nefndarmanni að víkja sæti úr nefndinni í máli ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.

□ Þá er nefndarmanni óheimilt að sitja í nefndinni til úrskurðar um kærumál skattaðila sem hann hefur haft afskipti af í fyrri störfum sínum og varðar skattákvörðun viðkomandi.

Starfsmenn yfirsattanefndar.

■ **17. gr.** Yfirsattanefnd er heimilt að ráða sér starfsmenn

til undirbúnings úrlausna mála auk almennra skrifstofustarfa eftir nánari ákvörðun Alþingis á fjárlögum hverju sinni.

Gjaldabreytingar.

■ **18. gr.** Þegar yfirsattanefnd hefur lokið úrskurði máls skal hún senda skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra eintak úrskurðar og tilkynna innheimtumanni um gjaldabreytingu sem nefndin kann að ákveða samhliða því að endurrit úrskurðar er sent skattstjóra. Skattaðilum skal tilkynnt um niðurstöðu máls og breytingu gjalda í ábyrgðarbréfi.

Þagnarskylda.

■ **19. gr.** Starfsmönnum yfirsattanefndar er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um tekjur og efnahag skattaðila. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Hafi óviðkomandi aðili lagaheimild til að krefja yfirsattanefnd ofangreindra upplýsinga skal sama þagnarskylda hvíla á þeim sem fær slíkar upplýsingar nema ríkari þagnarskylda hvíli á honum að lögum.

Reglugerð.

■ **20. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfshætti og störf yfirsattanefndar með reglugerð, þar með talið um réttarfarsreglur sem nefndin skal starfa eftir.

Eftirlit.

■ **21. gr.** Fjármálaráðherra hefur eftirlit með störfum yfirsattanefndar og fylgist með að hún ræki skyldur sínar. Árlega skal yfirsattanefnd senda fjármálaráðherra skýrslu um störf sín.

Sektarmeðferð.

■ **22. gr.** Yfirsattanefnd úrskurðar um sektir fyrir brot á lögum þeim sem talin eru í 2. gr. laga þessara nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar. Við meðferð máls skal gæta ákvæða laga um meðferð opinberra mála að því er varðar rétt sökunautar og varnir hans. [Skatt-rannsóknarstjóri ríkisins]¹⁾ kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni við ákvörðun sekta og annast kröfugerð í sektarmálum. Úrskurðir nefndarinnar um sektarfjárhæð eru fullnaðarúrskurðir. Sektir skulu renna í ríkissjóð, nema vegna brota á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en þá skal sektarfjárhæð renna í viðkomandi sveitarsjóð.

□ Um innheimtu sekta gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum sem talin eru upp í 2. gr. laga þessara.

¹⁾ L. 111/1992, 27. gr.

Gildistaka.

■ **23. gr.** Yfirsattanefnd skal hefja störf 1. júlí 1992. Skal hún þá taka við störfum ríkissattanefndar og sektarnefndar staðgreiðslu. Frá sama tíma skulu ríkissattanefnd, sbr. 89. og 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og sektarnefnd staðgreiðslu, sbr. 31. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, ljúka störfum.

□ ...

□ ...

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.–IV.** ...